

Skýrsla stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni lögð fram á aðalfundi 21. febrúar 2024

I. Inngangur

Inngangsorð

Það var líf og fjör í félagslífi og ferðalögum á vegum FEB á síðasta starfsári. Frá hausti fram á vor var húsið þéttbókað námskeiðum, klúbbum, fundum og viðburðum alla virka daga og suma daga fram á kvöld. Um helgar var mikil eftirspurn þriðja aðila eftir húsnæði FEB til leigu og einnig var það nýtt um helgar fyrir viðburði félagsmanna. Mikil eftirspurn var eftir FEB-ferðum á síðasta starfsári og í margar innan- sem utanlandsferðir komust færri að en vildu. Tekjur af námskeiðum, ferðalögum og útleigu voru því vel við unandi, en markmið félagsins er að halda verði til félagsmanna í lágmarki en þó þannig að viðburðir eða ferðalög beri sig.

Félagsmönnum hélt áfram að fjölga sem er mikill styrkur fyrir félagið, en þeir eru nú um 15.600. Er fjölgunin umfram áætlun sem leiðir af sér hærri tekjur af félagsgjöldum en áætlað var, auk þess sem félagsgjald síðasta starfsárs hækkaði um 600 kr. per. félagsmann. Vert er að halda því til haga að um 80% Reykvíkinga á aldursbilinu 70-80 ára eru félagsmenn í FEB. Fjölgun félagsmanna kallar að sjálfsögðu á meiri og fjölbreyttari þjónustu og er nú svo komið að nauðsynlegt er að fjölga starfsmönnum sem leiðir af sér hærri launakostnað í framtíðinni.

Baráttan um bætt kjör eldra fólks hélt áfram að fullum krafti og á síðasta starfsári tók FEB, eins og áður, virkan þátt í samvinnuverkefni aðildarféлага LEB og Landssambandsins fyrir bættum kjörum. Það veldur stjórn FEB áhyggjum að sama hvað samtök eldra fólks reyna til að ná til eyrna stjórnvalda og fulltrúa verkalýðsfélaganna þá virðast fáir ef nokkur heyra ákallið og eldra fólk er því nær ráðþrota að finna leiðir til að fá aðila til að hlusta.

Stjórn FEB hefur einnig miklar áhyggjur af stöðu hjúkrunarheimila í landinu og leggur því fram ályktun til samþykktir á aðalfundi FEB þar sem kallað er eftir auknum krafti í uppbyggingu hjúkrunarheimila á höfuðborgarsvæðinu.

Helsta verkefni húsnæðisnefndar FEB á síðasta starfsári var að fylgja eftir framkvæmdum Leigufélags aldraðra og halda Reykjavíkurborg við efnið þannig að í nánustu framtíð geri borgin ráð fyrir lóðum á skipulagi sínu fyrir húsnæði ætlað eldra fólk.

Stjórn félagsins

Í upphafi síðasta starfsárs höfðu rétt á áframhaldandi stjórnarsetu formaðurinn Ingibjörg H. Sverrisdóttir og aðalmennirnir, Kári Jónasson, Kolbrún Stefánsdóttir og Sigurbjörg Gísladóttir. Aðrir í stjórn voru kosnir: Ástrún Björk Ágústsdóttir, Árni Gunnarsson og Stefanía Valgeirsdóttir sem aðalmenn og Ingibjörg Óskarsdóttir, Gunnar Magnússon og Viðar Eggertsson sem varamenn

Stjórnin skipti með sér verkum; Ingibjörg H. Sverrisdóttir formaður, Sigurbjörg Gísladóttir varaformaður, Árni Gunnarsson gjaldkeri, Ástrún Björk Ágústsdóttir ritari, Kári Jónasson, Kolbrún Stefánsdóttir og Stefanía Valgeirsdóttir meðstjórnendur. Varamenn Ingibjörg Óskarsdóttir, Gunnar Magnússon og Viðar Eggertsson.

Stjórn fer skv. lögum félagsins, með æðsta vald í málefnum þess milli aðalfunda og ber ábyrgð á fjármálum og öllum rekstri. Ákvarðanir um óregluleg útgjöld eða fjárhagslegar skuldbindingar félagsins skulu teknar á formlegum stjórnarfundum. Að jafnaði voru stjórnarfundir FEB haldnir mánaðarlega og var góð mæting á þá flesta.

Þau Ástrún Björk Ágústsdóttir, Árni Gunnarsson og Stefanía Valgeirsdóttir munu sitja áfram í stjórn næsta starfsár. Sigurbjörg Gísladóttir gefur kost á sér til formanns stjórnar FEB 2024 og Gunnar Magnússon hefur boðið sig fram til endurkjörs í stjórn. Sum verkefna stjórnar síðasta starfsár hafa verið ógrandi og tímafrek og önnur mjög gefandi og er stjórnarmönnum öllum hér með þakkað fyrir vel unnin og óeigingjörn störf í þágu Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.

Fjármál FEB

Rekstur félagsins skilaði góðri afkomu eins og síðasta ár. Eins og áður er það helst fjölgun félagsmanna og hækkun félagsgjalda að þakka, en einnig mjög góðri aðsókn og auknu framboði af námskeiðum sem og mikilli eftirspurn eftir FEB-ferðum. Það leiddi af sér fjölgun FEB-ferða utan landsteinanna, þar sem erfitt reyndist að bóka gistirými innanlands. Salurinn var vel nýttur til útleigu til þriðja aðila sem skilaði góðum leigutekjum og að lokum ber að nefna að langtímalánið sem hvílir á húsnæði FEB var greitt niður um rúmlega 50% sem lækkaði vaxtagjöldin verulega.

Húsnæði félagsins

Á húsinu í Stangarhyl 4 hvílir bankalán frá árinu 2005. Um verðtryggt lán er að ræða sem nam upphaflega 35 milljónum króna og var til 30 ára en lánið stendur nú í rúmum 17 milljónum króna. Lánið er í fullum skilum en af því eru mánaðarlega greiddar afborganir, vextir og verðbætur. Í mars 2023 voru 20 milljónir greiddar aukalega inn á lánið, vegna hárra verðbólgu og lágrar ávöxtunar á handbæru fé.

Á síðasta starfsári var klárað að gera við glugga í Stangarhylnum og þakskeggið endurnýjað að hluta og það málað. Gert var við skemmd á bílastæði, það malbikað eftir þörfum og bílastæði máluð. Keyptir voru 120 nýir stólar til notkunar í Ásgarði, sal félagsins en það liggur fyrir að endurnýja þarf borðin þar á næstunni. Einnig er farið að sjá mikið á parketinu í salnum sem þarf að taka á, auk þess sem fyrirhugað er að vinna í því að bæta hljóðgæði í salnum.

II. Félagsstarf og skrifstofa

Húsnæði FEB var og er þéttsetið alla daga og fram á kvöld. Yfir vetrartímann eru það u.þ.b. 600 manns á viku sem koma í sal félagsins og sækja fjölbreytt námskeið, klúbba, kynningar, fyrirlestra, söng og dans. Auk þessara félagsmanna koma aðrir við á skrifstofu FEB alla virka daga til að sækja hina ýmsu þjónustu og fundi. Félagið hefur einnig nýtt sér fjarvinnslukerfið ZOOM fyrir einstaka námskeið, en það er það eina jákvæða sem kom út úr COVID faraldrinum að félagsmenn fóru að nýta sér tæknina meira en áður. Rekstur ferðaskrifstofu FEB sem ber hjáheitið FEB-ferðir, gekk mjög vel og yfirleitt komust færri að en vildu í ferðir félagsins á síðasta starfsári. Stefnt er að jafnmörgum ef ekki fleiri FEB-ferðum á næsta starfsári.

Ballett Fitneas fyrir 60+

Í haust svaraði FEB eftirspurn félagsmanna og bauð upp á nýjung í hreyfitímum í samvinnu með Heilsuskóla Tanyu Svavarsdóttur og fór af stað með Ballet Fitness sem er nútíma útgáfa af klassískri ballett þjálfun sem bætir og styrkir stoðkerfið, byggir upp styrk og þjálfar jafnvægið. Kennarinn var að sjálfsögðu hin eina og sanna Tanya Svavarsdóttir

Bókmenntahópur og ljóðaklúbbur

Í bókmenntahópnum er boðið upp á yfirferð á ýmsum sögum. Jónína Guðmundsdóttir hefur stýrt þessum námskeiðum sem eiga sér dyggan stuðningshóp sem fer ört vaxandi. Á haustönn var bók Sigríðar Hagalín „Hamingja þessa heims“ tekinn fyrir og mætti höfundurinn í síðasta tímann fyrir jóla og kynnti efnið enn betur. Núna á vorönn 2024 fer bókmenntahópurinn yfir fimm áhugaverðar bækur og því til mikils að hlakka.

Þá fer Jónína fyrir ljóðaklúbbnum sem er starfandi en þar leiðir hún hópinn og velur efni í samstarfi við aðra þátttakendur.

Dansleikir

Á hverju sunnudagskvöldi er dansað í sal félagsins í Stangarhyl 4, að undanskyldu smá stoppi yfir helstu frídaga ársins. Það eru þeir Birgir Jóhann Birgisson og Sigurður V. Dagbjartsson sem hafa séð um að halda uppi stuðinu undanfarna mánuði með frábærri tónlist. Því miður hefur aðsóknin dregist saman síðustu vikurnar þar sem margur dansunnandinn hefur flogið til heitari landa, en við eigum von á að úr rætist með vorinu.

Enska

Margrét Sölvadóttir kenndi ensku í byrjun starfsárs þar sem hún lagði áherslu á að námið væri hagnýtt og að fólk öðlaðist færni í að bjarga sér. Þessi námskeið hafa lengi verið í boði hjá FEB undir styrki stjórn Margrétar en dregið hefur úr aðsókn undanfarin misseri þar sem markaðurinn virðist hafa mettast og því bauð FEB ekki upp á enskunámskeið veturinn 2023/2024.

Göngu-Hrólfar

Yfir vetrartímamann fer vaskur hópur félagsmanna í gönguferðir frá Stangarhlynum á miðvikudagsmorgnum kl. 10:00. Gengið er í um klukkustund og síðan er ómissandi að setjast niður og spjalla yfir kaffi og rúnstykki. Þessi hópur lætur ekkert stoppa gönguferðir sínar og vill hvetja aðra félagsmenn til að taka þátt.

Kór FEB

Kór Félags eldri borgara er mjög virkur og heldur bæði jóla- og vortónleika auk þess að syngja í útvarpsmessum. Þar er glaðvært og söngelskt fólk sem tekur þátt en kórstjóri er Kristín Jóhannesdóttir og formaður kórsins er Gísli Jónatansson.

Leikfimi

FEB leikfimitímarnir „Sterk og liðug“ eru alltaf að verða vinsælli og vinsælli en þar er áherslan á þá félagsmenn sem eiga erfitt með að stunda hefðbundna líkamsrækt og fara flestar æfingarnar fram sitjandi á stól. Kennari er Tanya Svavarsdóttir.

Lestur fornaldarsagna

Eins og undanfarin ár var mesta aðsókn félagsmanna í fornaldarsagnanámskeiðin á síðasta starfsári og sækja námskeiðin um 150 – 160 manns í hverri viku. Á starfsárinu var farið yfir Orkneyinga sögu og nú á vormánuðum 2024 er verið að lesa Egils sögu. Kennari er Baldur Hafstað. Í vor og haust er fyrirhugað að fara tvær ferðir til Orkneyja á slóðir sögunnar og jafnvel einnig í innanlandsferð á slóðir Egils sögu, líf og fjör.

Matarklúbbar FEB

FEB hélt áfram að bjóða upp á matarklúbba fyrir karlmenn 60+, þar sem þeir slógu í gegn árið áður. Þeir er ætlaðir karlmönnum sem langar að læra að elda einfaldan íslenskan mat og borða saman í góðum félagsskap. Áhugakokkurinn Kristján E. Guðmundsson leiddi og leiðir hópana eins og áður.

Myndlistarnámskeið

Síðast liðið haust byrjaði FEB með mjög skemmtilegt nýtt námskeið þar sem boðið var upp á almennt byrjendanámskeið í myndlist og fékk félagið Bjarna Daníelsson með sér í lið sem kennara. Bjarni er lærður myndlistarmaður og kennari og var m.a. skólastjóri Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1986 – 1994. Nýtt námskeið byrjaði svo í janúar á þessu ári og FEB gæti haldið margfalt fleiri námskeið en í boði eru, slík er aðsóknin.

Skákdeild

Það er alltaf jafn vinsælt að mæta á þriðjudögum og tefla með Skákfélaginu Æsi en teflt er alla þriðjudaga frá 1. sept. til 1. júní ár hvert. Formaður skákdeildarinnar er Garðar Guðmundsson.

Spænska

Spænskunámskeiðin hafa sprungið út hjá okkur og við höfum aldrei verið með fleiri spænskunámskeið en á síðasta starfsári. Þau eru kennd í þremur getuflokkum og annar FEB vart eftirspurn, en það er hinn bráð skemmtilegi Kristinn R. Ólafsson sem kennir.

Zumba

Tvisvar í viku nánast yfir allan vetrartímamann er dansað Zumba Gold í sal félagsins og aukast vinsældir þessara námskeiða stöðugt. Kennslan er sérstaklega aðlöguð að fólki yfir miðjan aldur en það er hin geysi vinsæla Tanya Svavarsdóttir sem sér um dans og æfingar.

Ferðir

Boðið var upp á tólf langar og stuttar innanlandsferðir á vegum FEB-ferða frá maí til september 2023 og farnar voru sex ferðir erlendis frá því í maí til desember 2023.

Farnar voru tvær 4 náttu söguferðir til Færeyja í byrjun og um miðjan maí, þar sem valdir sögustaðir sem tengjast Færeyinga sögu voru heimsóttir. Þeir Baldur Hafstað og Hjálmar Waag Árnason voru fararstjórar.

17. maí lá leið félagsmanna á Njáluslóðir þar sem Guðni Ágústsson naut sín vel í fararstjórn, en um var að ræða dagsferð.

Dagana 24. til 25. maí var fyrirhugað að fljúga norður í land og heilsa upp á Þingeyinga með gistingu eina nótt, en þegar á reyndi var ekki hægt að fljúga norður vegna veðurs og féll þessi ferð því niður.

8. júní var farin hin árlega dagsferð til Vestmannaeyja undir fararstjórn Kára Jónassonar og í Eyjum var það Gerður Guðný sem leiddi hópinn í gegnum Eldheima.

Farin var dagsferð á Suðurnesin þann 15. júní þar sem skoðaðir voru áhugaverðir staðir og var Guðrún Eyjólfsdóttir leiðsögumaður.

Dagana 21. til 25. júní buðu FEB-ferðir í samvinnu við Betri ferðir upp á einstaklega skemmtilega og fróðlega ferð til Varsjár þar sem Lilja Hilmarsdóttir var fararstjóri.

Þá var ferðinni heitið á sunnanverða Vestfirði dagana 29. júní til 1. júlí og átti að stoppa í Flatey milli ferða ferjunnar Baldurs á leiðinni heim. En því miður þurfti að hætta við það vegna veðurs. Ferðin heppnaðist að örðu leyti mjög vel og afgreiddi Kári Jónasson fararstjórnina af mikilli snilld.

6. júlí var farin skemmtileg dagsferð um suðurlandið þar sem hellarnir við Ægissíðu voru m.a. skoðaðir og komið við á Flúðum, Skálholti og Laugarvatni. Fararstjóri var Valdimar Bragason.

12. júlí var stefnan enn einu sinni tekin á Landmannalaugar og farin var fjallabaksleið nyrðri. Þetta er ein af vinsælustu dagsferðum FEB-ferða. Fararstjóri var Kári Jónasson eins og áður.

Vegna mikillar eftirspurnar var aftur boðið upp á ferð á Njáluslóðir þann 18. júlí með Guðna Ágústsson sem fararstjóra.

Dagana 18. til 19. ágúst var í boði ný hálendisferð á vegum FEB-ferða í Kerlingarfjöll og Hveradali. Gist var í Kerlingarfjöllum eina nótt og farin gönguferð um Hveradali þar sem við blasti mikil litadýrð og bullandi hverir. Fararstjóri var Kári Jónasson.

Dagana 1. til 2. september gerðum við svo aðra tilraun til að heilsa upp á Þingeyinga og nú voru veðurguðirnir okkur hliðhollir. Enn á ný var það Kári Jónasson sem sá um fararstjórn.

FEB-ferðir fór síðan í haustlitaferð í Borgarfjörðinn dagana 6. til 7. september og var gist í Reykholti eina nótt. Fararstjóri var Kári Jónasson.

Síðasta innanlandsferðin sumarið 2023 var þriðja Njáluferðin sem farin var 13. september og var Guðni Ágústsson fararstjóri líkt og áður í þessum ferðum.

Dagana 18. til 22. september var ferðinni heitið út fyrir landsteinanna og Lissabon heimsótt, en borgin er ein fallegasta borg Evrópu og býður uppá stórkostlegar byggingar, nýjar og gamlar, falleg torg og mikla sögu. Fararstjóri var Lilja Hilmarsdóttir

Ferðaárið endaði síðan með tveimur 4 náttu aðventuferðum til Berlínar, annars vegar í lok nóvember og seinni ferðina dagana 10. til 14. desember. Þessar ferðir voru farnar í samvinnu með Betri ferðum og var Lilja Hilmarsdóttir fararstjóri.

Stjórn og starfsmenn FEB þakka öllum fararstjórum fyrir frábæra vinnu og óeigingjarnt starf sem að hluta til var unnið í sjálfboðavinnu.

Skrifstofan og þjónusta FEB við félagsmenn

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 10 til 16, nema á föstudögum þá er opið frá kl. 10 til 15. Síminn er opin alla virka daga frá kl. 10 til 14. Dýrleif Guðjónsdóttir er framkvæmdastjóri félagsins, en aðrir starfsmenn eru Elín Inga Arnþórsdóttir og Guðlaug Tómasdóttir. Umsjón með Ásgarði, sal félagsins á helgidögum hefur Jóhanna Ragnarsdóttir.

Starfsfólk skrifstofunnar sér um utanumhald félagsmanna, skipuleggur félagsstarfið og annast allan daglegan rekstur sem og utanumhald um allar ferðir sem í boði eru bæði innanlands og utan. Það heldur utan um öll námskeið félagsins, viðburði, kynningar, fyrirlestra og fundi og sér um útgáfu á blaði þess ásamt stjórn og reksturs á sal á virkum dögum. Sér um allar bókanir, tilkynningar og auglýsingar vegna félagsstarfsins og er til svara varðandi hin ýmsu hagsmunamál félagsmanna. Á skrifstofuna kemur og/eða hringir fjöldi félagsmanna í viku hverri til að leita upplýsinga um hin ýmsu mál. Skrifstofan afgreiðir einnig öll þau margvíslegu erindi og skilaboð sem félaginu berast með rafrænum hætti.

III. Starf nefnda og ráða

Ferðanefnd

Ferðanefnd félagsins vinnur mikið og gott starf og vinnur þétt með starfsmönnum FEB við skipulag allra FEB-ferða bæði innan- sem utanlands. Að meðaltali voru haldnir mánaðarlega fundir yfir vetrartímann enda að mörgu að taka í skipulagi allra þessara ferða. Eftir að ferðamannastraumurinn til Íslands tók við sér að nýju eftir COVID, reyndist mun erfiðara að fá gistingu innanlands en áður og verðhækkningar á allri þjónustu voru staðreynd. Til að halda verði niðri og mæta eftirspurn bauð FEB-ferðir því upp á fleiri ferðir erlendis á síðasta starfsári, en hingað til hefur tíðkast.

Húsnæðisnefnd

Hlutverk FEB samkvæmt lögum er m.a. að vinna að úrbótum í húsnæðismálum eldri borgara. Formaður húsnæðisnefndar FEB er Halldór Frímansson.

Félagið hefur á liðnum árum unnið að því að byggja húsnæði til eignar á hagstæðum kjörum fyrir félagsmenn. Síðastliðin ár hefur þó eingöngu verið unnið að byggingu hagkvæms leiguhúsnæðis án þess að slakað sé á gæðakröfum. Árið 2018 stofnaði FEB Leigufélag aldraða (LA), húsnæðissjálfsseignarstofnun (hses) á grundvelli laga um almennar íbúðir nr. 52/2016, til þess að vinna að byggingu leiguhúsnæðis án hagnaðarsjónarmiða. Formaður stjórnar LA er Jóhann G. Ásgrímsson.

Árið 2023 var lokið við byggingu á 51 leiguíbúð (18 tveggja og 33 þriggja herbergja, 60-80m²) á Sjómannaskólareitnum við Vatnsholt 1-3 í Reykjavík. Fyrstu leigjendur fluttu inn í sínar íbúðir um mitt ár 2023. Til viðbótar eru í byggingu 31 íbúð fyrir aldraða við Dalbraut á Akranesi. Þessar íbúðir verða tilbúnar til útleigu fyrir sumarið.

LA er með lóðavilyrði frá Reykjavíkurborg fyrir 80 íbúðir, 50 við Leirtjörn vestur og 30 á Ártúnshöfða svo og viljayfirlýsingu varðandi 70 íbúðir til viðbótar, 30 í Gufunesi og 40 íbúðir á Ártúnshöfða. Þessar lóðir eru í skipulagsferli. Ekki hefur formlega verið mótuð stefna varðandi næstu verkefni LA.

Hátt í 500 félagsmenn í FEB eru nú skráðir félagar í LA. Það er því greinilega áhugi og væntingar til félagsins og framtíðarverkefna þess.

Kjaranefnd og laganefnd

Hlutverk hennar er að fylgjast með öllu sem varðar hagsmuni og kjör eldra fólks og gera tillögur til stjórnar um hvaðeina sem varðar þessi mál. Ennfremur að annast samskipti við LEB og stjórnvöld eftir því sem við á, og gera tillögur að ályktunum og umsögnum um lagafrumvörp. Formaður kjaranefndar FEB er Finnur Birgisson.

Niðurstaða fjárlaga ársins 2023 varð sú að upphæðir ellilífeyris og heimilisuppbótar skyldu hækka um 7,4% 1. janúar 2023 og átti það að duga til að mæta verðlagshækkunum á árinu og gefa að auki 0,5% kaupmáttaraukningu. Fljótlega kom þó á daginn að forsendur fjárlaganna stóðust ekki og að þessi hækkun dugði hvergi nærri til þess að að halda í við raunverulega verðlags- og launaþróun. Ríkisstjórnin ákvað því að hækka upphæðir hjá Tr um 2,5% til viðbótar 1. Júlí 2023. Að auki fengu öryrkjar 66.381 kr. skattfrjálsa eingreiðslu í jólagjöf frá ríkisstjórninni, en aldraðir voru hafðir útundan.

Skv. fjárlögum fyrir 2024 hækkuðu upphæðir almannatrygginga um 5,6% þann 1. janúar 2024. Forsenda fjárlaganna var að verðlag myndi hækka um 4,9% milli 2023 og 2024, en hækkun launa yrði 5,6%. Skammt er nú liðið á árið og enn ósamið á vinnumarkaði, þannig að það á eftir að koma í ljós að hve miklu leyti þessar forsendur standast.

Velferðarnefnd

Markmið nefndarinnar er að kynna sér velferðarmál í sveitarfélaginu og óska lausna á úrbótum ef á þarf að halda.

FEB er virkur þátttakandi í öldungaráði Reykjavíkurborgar og samkvæmt lögum með þrjá fulltrúa og jafnmarga varamenn í ráðinu. Þar eru haldnir fundir mánaðarlega og fleiri ef á þarf að halda.

FEB er virkur þátttakandi í rekstri Múla- og Hlíðabæja sem eru sjálfseignastofnanir að Síðumúla 32 og Flókagötu 53. Þar er tilgangur starfseminnar að starfrækja dagvistun fyrir aldraða og öryrkja í Reykjavík sem búa í heimahúsum og til að rjúfa félagslega einangrun þeirra og efla fólk til sjálfsbjargar. Einnig til að styrkja þá og hvetja til að lifa heilbrigðu og farsælu lífi á heimaslóðum. Afþreying og endurhæfing er einnig í boði. Það eru að jafnaði 130 manns sem nýta sér þessa þjónustu í hverri viku í húsnæði sem hannað er fyrir starfsemina en er nú að verða of lítið. Þar leggur FEB til 3 fulltrúa í fulltrúaráð einn varamann og tvo fulltrúa í stjórn. Þetta er sjálfboðastarf og eru stofnfélagar í dag auk FEB, SÍBS og ÖBÍ réttindasamtök. Einnig á FEB eitt sæti í fulltrúaráði Eirar hjúkrunarheimilis.

Ritnefnd

Ritnefnd ber ábyrgð á efni og útgáfu Félagstíðinda FEB sem gefin eru út einu sinni á ári. Ritstjóri fyrir Félagstíðindi 2023 og nú aftur fyrir árið 2024 er Geir A. Guðsteinsson. Félagstíðindi 2023 komu út stuttu eftir síðasta aðalfund og var 40 bls. af lengd. Reynt var að hafa efni blaðsins hið fjölbreyttasta en einnig var lífeyrismálum gert hátt undir höfði. Á áætlun er að Félagstíðindi 2024 komi út um miðjan mars en markmiðið er að geta sent út Félagstíðindi, Afsláttarbók og félagsskírteini saman í einum pakka til skilvísra félagsmanna með það að markmiði að halda niðri póstburðargjöldum. Þema blaðsins 2024 er m.a. sjálfboðaliðastarf auk annarra skemmtilegra málefna.

Öldungaráð Reykjavíkurborgar

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 m.s.br. er kveðið á um skipan öldungaráðs sveitarfélaga. Öldungaráð Reykjavíkurborgar fer með verkefni samkv. 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga 125/1999 um málefni aldraðra. Öldungaráðið skal vera borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru 67 ára og eldri og vera formlegur samráðsvettvangur um þjónustu við aldraða og þróun öldrunarmála innan sveitarfélagsins. Skipa skal öldungaráð að hverjum sveitarstjórnarkosningum loknum. Í því sitja að lágmarki þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórn, þrír fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara og einn fulltrúi frá heilsugæslunni.

Öldungaráð Reykjavíkurborgar fundar að jafnaði einu sinni í mánuði auk þess sem fulltrúar í öldungaráðinu hafa verið kallaðir á vinnustofur og fundi sem óskað hefur verið eftir þátttöku þeirra.

Síðasta starfsár hafa þessir fulltrúar FEB setið í öldungaráði Reykjavíkurborgar:

Aðalmennirnir Ingibjörg H. Sverrisdóttir formaður FEB, Viðar Eggertsson varamaður í stjórn FEB sem jafnframt er varaformaður öldungaráðs og Ingibjörg Óskarsdóttir varmaður í stjórn FEB og varamaður í öldungaráði sem hefur setið í forföllum Kolbrúnar Stefánsdóttur aðalsmanns í öldungaráði.

Varamenn FEB í öldungaráði eru Árni Gunnarsson stjórnarmaður FEB og Gunnar Magnússon varamaður í stjórn FEB.

IV. Grái herinn

Með dómi Hæstaréttar 2. 11. 2022 í málum þriggja liðsmanna Gráa hersins gegn íslenska ríkinu vegna skerðingarreglna í almannatryggingakerfinu var öllum rökum kærendanna hafnað og ríkinu gefið grænt ljós á gildandi skerðingarregluverk.

Dómi Hæstaréttar var vísað til Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) í lok febrúar 2023. Þar er um að ræða úrslitatilraun til að fá viðurkennt að skerðingarreglur almannatryggingarlaga séu úr hófi og standist hvorki íslensku stjórnarskrána né Mannréttinasáttmála Evrópu.

Nú ári síðar er enn beðið eftir niðurstöðu MDE um það hvort hann fellst á að taka málið fyrir. Ef hann gerir það, sem er líklegt en ekki öruggt, má reikna með að bið eftir endanlegri niðurstöðu verði 2-3 ár.

V. Lokaorð

Síðasta starfsár skilaði félaginu góðum hagnaði og voru félagslífið og ferðirnar í blóma. Það gengur hins vegar lítið í baráttunni að bættum kjörum eldra fólks þrátt fyrir þetta samvinnu félaga eldri borgara um land allt undir styrkri stjórn kjaranefndar LEB. Félagið hefur miklar áhyggjur af eldra fólki sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda og telur stöðu hjúkrunarheimila og rekstur þeirra, algjörlega óásættanlega. Það er því af nægu að taka í baráttumálum félagsmanna og mun félagið halda ótrautt áfram að sinna þeim.

Við þökkum félagsmönnum ánægjulegar stundir á starfsárinu og óskum ykkur gleði og velfarnaðar í framtíðinni.

F.h. stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni



Ingibjörg H. Sverrisdóttir
formaður



Dýrleif Guðjónsdóttir
framkvæmdastjóri